

Fundargerð

Fundur var haldinn í stjórn Íslenskrar málnefndar í fundarherbergi á Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, Laugavegi 13, 4. hæð, þriðjudaginn 15. mars 2016 og hófst kl. 15.00. Fundinn sátu: Guðrún Kvaran formaður, Ármann Jakobsson varaformaður, Brynhildur Þórarinsdóttir, Hilmar Hilmarsson og Steinunn Stefánsdóttir. Þröstudur Helgason tilkynnti forföll. Jóhannes B. Sigtryggsson frá Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum ritaði fundargerð.

1. Ritreglur Íslenskrar málnefndar

Formaður og varaformaður þinguðu 15. mars með starfsmönnum mennta- og menningarmála-ráðuneytis Áslaugu Dóru Eyjólfsdóttur, Guðna Olgeirssyni og Svanhildi Kr. Sverrisdóttur á mánaðarlegum fundi. Þau greindu frá því að vinna við nýjar ritreglur væru á lokastigum og stefnt væri að því að senda þær til ráðuneytisins sem allra fyrst. Óskað var eftir því að tekin væri saman greinargerð yfir helstu breytingar frá núverandi reglum og hún send ásamt ritreglunum. Jóhannes var beðinn að taka greinargerðina saman. Ritreglurnar verða settar á vef ráðuneytisins til kynningar. Formaður og varaformaður lögðu ríka áherslu á það við starfsmenn ráðuneytisins að ritreglurnar yrðu auglýstar og leystu þannig af hólmi auglýsingar um íslenska stafsetningu frá 1974 og 1977. Stefnt er að því að ný vefsíða *Stafsetningarorðabókar* og ritreglna verði opnuð í nóvember og þess vegna var lögð áhersla á það á fundinum að ritreglurnar yrðu auglýstar sem fyrst.

Jóhannes hefur farið yfir leiðréttingar Katrínar Axelsdóttur við drög ritreglnanna (sjá fg. stj. ÍM 2/2106, Önnur mál, b) og fært breytingar inn í drögin. Hann hefur einnig samræmt millivísanir og frágang. Nokkur vafamál í stafsetningu komu upp í þessari vinnu sem Jóhannes leitaði álits á hjá stjórn ÍM. Hann spurði stjórnina hvort hún væri sammála því að hafa val um há- og lágstaf í ritun starfsheitis sem skeytt er aftan við heiti þjóðar, lands, stofnunar eða fyrirtækis, t.d. fiskistofustjóri/Fiskistofustjóri (sjá gr. 1.3.2a). Samþykkt var að bjóða þar upp á val. Jóhannes lagði einnig til að öll gjaldmiðlaheiti væru rituð með lágstaf og þá einnig þau sem leidd eru af sérnafni (t.d. *kanadadalur*). Þetta var samþykkt. Jóhannes leitaði einnig álits stjórnar á því hvort hún styddi ekki það að mæla einungis með einum rithætti í dæmum eins og *báðum megin*, *réttum megin* en ekki vali eins og var áður *báðum megin/báðumegin*, *réttum megin/réttumegin*. Stjórnin studdi það eindregið að hér yrði eingöngu mælt með fyrri rituninni og ekkert val yrði haft.

Jóhannes hyggst líta enn betur á drögin og senda þau því næst til nefndarmanna í Íslenskri málnefnd til endanlegrar samþykktar. Ritreglurnar verða síðan sendar til ráðuneytis rafrænt ásamt greinargerð og í pósti til mennta- og menningarmálaráðherra.

2. Málþing í maí

Sjá fg. stj. ÍM 2/2016, 1. lið. Hilmar greindi frá undirbúningi málþingsins sem gengur vel. Það verður haldið 12. maí í Norræna húsinu. Formaður og Jóhannes hyggjast hafa samband við Mjólkur-samsöluna og óska eftir stuðningi hennar við að greiða kostnað við skemmtiatriði á þinginu.

3. Málræktarþing í nóvember

Formanni og varaformanni var falið á síðasta fundi að taka saman drög að dagskrá málræktarþings ÍM í nóvember (sjá fg. stj. ÍM 2/2016, 2. lið). Ármann greindi frá vinnunni. Stefnt er að því að hafa

málræktarþingið 15. nóvember kl. 15.30–17 í fundarsal Þjóðminjasafns. Þema þess verður *Íslenskan í stafrænum heimi*. Stefnt er að því að mennta- og menningarmálaráðherra hefji dagskrána. Fulltrúi ÍM kynnir því næst ályktun nefndarinnar um stöðu íslenskrar tungu, Ari Páll Kristinsson greinir frá fyrirhugaðri vefsíðu Árnastofnunar málið.is, Örn Hrafnkelsson talar um tímarit.is og bækur.is, Þórdís Gísladóttir heldur erindi og fulltrúi Skólavefjarins kynnir hann. Einnig verða veittar viðurkenningar ÍM.

Á fundi formanns og varaformanns í ráðuneytinu 15. mars (sjá framar) var einnig rætt um mikilvægi þema þingsins. Lagt var til á fundinum að stofnaður yrði vinnuhópur um opinn aðgang að textum. Ármann lagði mikla áherslu á mikilvægi þess að komið yrði upp vefsíðu eða gerð gangskör að því að veita gjaldfrjálsan rafrænan aðgang að ógrynni íslenskra texta frá öllum öldum.

Mál til bókungar

Formaður ÍM sendi bréf 10. febrúar 2016 til nefndasviðs Alþingis með umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um ársreikninga (nr. 3/2006). Þingskjal 730 – 456. mál. Formaður gerði athugasemd við texta í 6. lið frumvarpsins: „[...] og skal texti ársreiknings, og samstæðureiknings ef félag gerir slíkan reikning, vera á íslensku eða ensku.“ Hann lagði til að „vera á íslensku eða ensku“ yrði breytt í „ávallt vera á íslensku en að auki á ensku eða öðru máli ef þörf krefur“. Guðrún mætti á fund efnahags- og viðskiptanefndar 8. mars til að kynna viðhorf ÍM til málsins.

Varaformaður sendi bréf 12. febrúar 2016 til Ármanns Kr. Ólafssonar, bæjarstjóra Kópavogs. Í bréfinu stendur m.a.: „Athygli Íslenskrar málnefndar var vakin á því að kynning Kópavogsbæjar á tillögum í alþjóðlegri hugmyndasamkeppni um Kársnes væri að stofni til á ensku. Þetta þótti okkur afar óeðlilegt eins og fram kom í frétt í Ríkisútvarpinu 3. febrúar (<http://www.ruv.is/frett/tillogur-um-framtid-karsness-birtar-a-ensku>). Nú höfum við séð að Kópavogsbær hefur gert nokkra bragarbót á (<http://www.kopavogur.is/stjornsyslan/frettir-og-utgefid-efni/frettir/framsaeknar-tillogur-um-karsnes>) og er það til mikilla bóta.

Við viljum þó ítreka að samkvæmt 8. grein laga nr. 61 frá 7. júní 2011 um stöðu íslenskrar tungu og íslensks tákna máls er íslenska mál Alþingis, dómstóla og stjórnvalda, jafnt ríkis sem sveitarfélaga. Jafnframt að túlkun málnefndar á þessum lögum er sú að þátttaka í alþjóðlegum verkefnum sé ekki ein og sér næg ástæða til að bregða frá þessu.“

Fyrirtækið Isavia hefur sett upp ný upplýsingaskilti á flugvelli í Keflavík. Á þeim er texti á ensku hafður á undan texta á íslensku og einnig feitletraður. Viðtal var við Guðrúnu Kvaran 13. febrúar á Vísi.is (sjá <http://www.visir.is/enskan-i-forgrunni-a-nyjum-upplýsingaskiltum-a-keflavikurflugvelli/article/2016160219484>). Þar segir hún m.a.: „Á flugvelli þurfa upplýsingar auðvitað að vera á öðrum tungumálum og þá er eðlilegt að það sé málið sem flestir tali. En það tungumál á aldrei að vera hærra sett en íslenskan.“ Einnig var rætt við Guðrúnu um málið á Bylgjunni 22. febrúar.

Halldór Kr. Þorsteinsson leitaði álits Íslenskrar málnefndar á því í bréfi dags. 17. febrúar hvort hún teldi samræmast íslenskri hefð að prenta föðurnafn leikmanna á treyjur íslenska karlalandsliðsins í knattspyrnu á EM í Frakklandi í sumar. Formaður svaraði bréfinu 17. febrúar og skrifaði meðal annars: „Sú venja hefur verið ríkjandi frá því að land byggðist að kenna landsmenn til föður eða móður að viðbættu *-son* eða *-dóttir* og að nafn einstaklings sé eiginnaframt hans. Kenninamn kemur því ekki í stað eiginnaframt. [...] Íslensk málnefnd telur að áletrun á búninga, sem nota á innanlands eða erlendis, eigi að fylgja íslenskum lögum og íslenskri málhefð og sýna eiginnaframt leikmanns.“ Viðtal var við Guðrúnu um málið 19. febrúar á Bylgjunni.

Næsti fundur stjórnar ÍM verður 19. apríl. Fundi var slitið kl. 16.30.

Guðrún Kvaran
sign.

Jóhannes B. Sigtryggsson
sign.